

## Réttindaráð Unicef 7.-10. bekkir

Miðvikudagur 15. september 2021

### Fundargerð

Mætt: Atli og Sunna, Hrafnhildur og Ragnar Ó. Sóley, Yzabelle og Emilía og Berglind kennari.

Efni fundar: Samþykkt að ráðið myndi hittast á þriggja vikna fresti.

Fórum yfir aðgerðaráætlun sem gerð var á síðasta skólaári. Ákveðið var að þau ætluðu að melta þessar upplýsingar fram til 6. október þegar ráðið hittist næst þar sem á að samþykja áætlunina.

Rætt um hvaða hlutverk þau hafa sem skipa þetta ráð.

Síðan voru tekin fyrir önnur mál: Þar kom upp umræða um sundið bæði hvað varðaði kynjaskiptingu og einnig umræðan um að þau séu í sundi allt árið alveg upp í 10. bekk. Að þeirra sögn ekki svoleiðis í hinum skólunum í Kópavogi gátu samt ekki fullyrt um það þannig að Sunna tók að sér að kanna það betur.

Ósátt við útsvæðið miðað við aðra skóla enn og aftur talað um batta fótbolta- og körfuboltavöll. Vildu líka sjá fyrst verið væri að laga útsvæðið fyrir miðstig trampólín (niðurgráfin) eins og þau sjá á öðrum skólalóðum í Kópavogi. Töluðu einnig um slyshættu varðandi nýju tækin sem er verið að koma fyrir allt of hátt að þeirra mati.

Einnig kom upp umræða um að Spjaldtölvur yrðu ekki notaðir í unglíngadeild heldur Chrom-books (eða fartölvur), kvörtuðu yfir að þau hefðu ekki næga kunnáttu á Word og Exel og kynnu ekki einu sinna að vista skjölin sín í office umhverfinu og ekki fingrasetninguna, myndu vilja hafa öðruvísi tæki og meiri kunnáttu þegar í framhaldskólann kæmi. Umræðunni um þessi mál var síðan slitið þótt henni væri ekki lokið þar sem fundartími var liðinn.

Veitingarnar vöktu lukku.

Fundarstjóri og ritari: Berglind P. Bragadóttir